Fullvíst má telja, að miklu trúverðugra sé að nota membransíur en skilvindu, enda er sú aðferð nú almennt notuð. Munurinn, að því er varðar efnastyrk, er oft mikill. Efnastyrkur eftir síun mælist stundum nokkrum tugum prósentu lægri en eftir aðskilnað í skilvindu. Munur á aurstyrk er að sjálfsgöðu jafnmörg mg/l og munur á efnastyrk, en í prósentum reiknað er munurinn þar oftast lítill.

Freistandi er að nota gildin, sem hafa fengist með því að nota báðar aðferðirnar á sama sýnið, til að reyna að finna aðferð til að umreikna gömlu mæligildin. Ljóst virðist vera, að mismunurinn tengist innihaldi vatnsins af fínum (sennilega mjög fínum) leir. Hér er valin sú leið að finna samband á milli mismunarins á milli mældra gilda á efnastyrk (mg/l), þar sem báðar aðskilnaðaraðferðirnar hafa verið notaðar á sama sýnið, og styrks aurs (mg/l) af leirkornastærð (<0,002 mm) í sama sýninu. Hér verður að nota þann leirstyrk, sem fæst, ef greint er á milli leirs og uppleystra efna í skilvindu (ekki með síun), því að sambandið á að nota til að umreikna gildi fengin með skilvindaaðferðinni. Þar sem aðeins fínasti hluti leirsins tregðast við að setjast til í skilvindu, má telja fullvíst, að betra samband fengist, ef unnt væri að tengja mismuninn við aur af enn fínni kornastærð en hér er gert. Það er ekki hægt, því að kornastærðarferlar aursins ná yfirleitt aðeins örskammt niður fyrir leirmörkin, 0,002 mm, sem hér eru notuð.

Munurinn er mismikill eftir ám og leirinnihaldi aursins. Mestur verður hann, þegar gangur er í jöklum, sem árnar koma undan, og í stórrigningum. Mælingum á efnastyrk með báðum aðferðum á sýnum úr sumum ám ber svo vel saman, að ekki er nein ástæða til að rengja gömlu mæligildin. Frá sumum ám vantar mælingar frá síðustu árum. Ef lítill eða engin leir hefur mælst þar samkvæmt gömlu mæligildunum, ætti að mega treysta þeim. Hafi hins vegar mælst umtalsverður leir með gömlu aðferðinni, en mælingar með nýju aðferðinni skortir, eru ekki tók á að umreikna gömlu mæligildin, þótt ljóst sé að þess sé þörf.

Stundum er mismunurinn neikvæður, þ.e. efnastyrkurinn hefur mælst hærri eftir síun en aðskilnað í skilvindu. Þá er um að ræða mismun upp á fáein milligrömm, en ónákvæmnin í þessum mælingum er einmitt af þeirri stærð.

Reiknuð var jafna beinnar línu fyrir sambandið á milli leirs (aðgreindum með skilvindu) og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hafði verið skilinn frá í skilvindu eða með membransíu. Jafnan er á forminu  $Y = a + b \times X$ .

Y er mismunurinn, efnastyrkur fundinn eftir aðgreiningu í skilvindu - efnastyrkur fundinn eftir síun. Þetta er tölugildið, sem verið er að leita að, og er það notað til að draga frá gömlu gildunum fyrir uppleyst efni og bæta við gildin fyrir leir.

X er aur af leirkornastærð (<0,002 mm) fundinn eftir aðskilnað í skilvindu.

Til þess að breyta gömlu mæligildunum var búið til forrit, sem reiknaði út mismuninn, dró hann frá gömlu gildunum fyrir efnastyrkinn, bætti við leirstyrkinn (og þar með heildaraurstyrkinn) og endurreiknaði síðan skiptingu aursins í þá fjóra kornastærðarflokka, sem honum er skipt í. Ef mismunurinn var < 5 mg/l, var gömlu gildunum ekki breytt, enda gefur nákvæmnin í mælingunum ekki tilefni til þess. Þar sem mæligildum hefur verið breytt með þessum hætti, er það gefið til kynna með "\*" í dálki merktum "Athugasemdir" í aurburðartöflum. Stundum er mismunurinn, sem kemur út úr þessum útreikningum svo hár, að hann fær alls ekki staðist, getur jafnvel orðið nærri því eins hár eða hærri en efnastyrkurinn hafði mælst áður. Það gerist sums staðar, þegar leirstyrkurinn er mjög hár, sérstaklega vegna gangs í jökli. Þá er gripið til þess ráðs að áætla mismuninn, og er þá gjarnan höfð til hliðsjónar jafna með lægri hallatölu. Þegar þetta er gert, er það gefið til kynna með athugasemdatákninu "P" í dálki merktum "Athugasemdir" í töflunum. Þar sem athugasemdin "Æ" er í þeim dálki, sbr. það sem minnst er á fremst í þessum kafla, eru gildin ekki endurmetin.

Hér á eftir verður fjallað um þetta endurmat á mæligildum í einstökum ám, byrjað í Borgarfirði og haldið sólarinnis um landið.

## 5.1 Vesturland






Á Vesturlandi, Borgarfjarðarsýslu - Strandasýslu, svæði 500 í gagnasafni VOD, hafa báðar aðskilnaðaraðferðirnar aðeins verið notaðar á sýni úr Hvítá í Borgarfirði við Kljáfoss. Þar hefur aðferðunum alltaf borið vel saman, sjá mynd 2, enda er þar mjög lítið af leir. Í öðrum ám á svæðinu hefur mælst mjög lítið af leir, nema í Jökulsá í Leirufirði hefur hann mælst um 50 mg/l, sem er þó ekki hár leirstyrkur í jökulá. Hún er eina áin á svæðinu, sem hægt er að kalla jökulá og sýni hafa verið tekin úr. Reyndar eru sýnin úr henni aðeins þrjú og öll tekin sumarið 1979, en það sumar var mjög kalt. Ekki eru endurmetin nein mæligildi frá þessu svæði, enda sýnist það ástæðulaust, nema e.t.v. úr Jökulsá í Leirufirði, en engin sýni þaðan hafa verið meðhöndluð með báðum aðferðunum, svo að enginn samanburður er til. Hugsanlega eru gildin fyrir uppleyst efni þar nokkrum mg/l of há og að sama skapi of lág fyrir leir og þar með heildaraurstyrk.

## 5.2 Norðurland vestan Bárðardals

Á Norðurlandi vestanverðu (Húnavatnssýslu - vestasta hluta Þingeyjarsýslu, svæði 600-669 í gagnasafni VOD) hafa báðar aðskilnaðaraðferðirnar verið notaðar á sýni úr Blöndu, Héraðsvötnum, Jökulsá vestari og Jökulsá austari.

Aðrar ár á svæðinu, sem sýni hafa verið tekin úr, eru bergvatnsár að mestu, nema Bægisá og Fossá. Leir hefur mælst svo lítill í þeim öllum, að ekki er ástæða til að tortryggja mæligildin af þeim sökum, nema e. t. v. í einu sýni úr hvorri á. Sýnið úr Bægisá var tekið 21. júlí 1968 kl. 21:00. Ekki er reynt að endurmeta mæligildi þess hér. Sýnið úr Fossá, sem fellur í Hofsa, sem síðar sameinast Jökulsá vestari, var tekið 23. júlí 1986 og er eina svifaurssýnið, sem tekið hefur verið úr henni. Leirstyrkur þess mældist 85 mg/l og efnastyrkur 28 mg/l. Væri það endurreiknað með jöfnunni, sem notuð er til að endurreikna gildin úr Jökulsá vestari, yrði breyting um 11 mg/l, en gömlu gildin eru hér látin standa óbreytt.

Sýni úr Blöndu hafa langflest verið tekin við brúna á móts við Löngumýri, og þar voru tekin öll sýnin, sem samanburðarmælingarnar voru gerðar á. Sýni hafa verið tekin úr ánni á átta stöðum öðrum, allt frá Blönduósi til Rjúpnafells við Kjalveg, en örfá á þeim flestum. Við endurreikningana á mæligildunum í Blöndu var notuð jafnan  $Y = 1,2 + 0,226 \times X$ , fylgni = 0,81. Hún var notuð við sýni frá öllum tókustöðum í Blöndu, nema Strjúgsstöðum, en þar mældist nær enginn leir, svo



Mynd 2. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Hvítá í Borgarfirði - Jökulsá austari.

að ekki þurfti að endurreikna. Úr Blöndu höfðu verið mæld 162 sýni frá öllum þessum stöðum með skilvinduáðferðinni, og leiddu endurreikningarnir til breytinga á 84 sýnum. Mesta breytingin varð 36 mg/l. Meðalefnastyrkur S-sýnanna við Löngumýri lækkaði um 6 mg/l, úr 50 í 44, meðal-aurstyrkurinn hækkaði úr 258 í 264. Tvö sýni, sem voru mæld, áður en skilvindan var tekin í

notkun, eru ekki talin hér með, en þau voru ekki endurreiknuð.

Úr Héraðsvötnum hafa sýni aðeins verið tekin við Grundarstokk á móts við Varmahlíð. Við endurreikningana var notuð jafnan  $Y = 1,0 + 0,151 \times X$ , fylgni = 0,70. Þar höfðu 100 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni, og leiddu endurreikningarnir til breytinga á 20 sýnum. Þar breyttust meðaltöl allra sýnanna um 2 mg/l, en mesta breytingin var 14 mg/l.

Sýni úr Jökulsá vestari hafa nær öll verið tekin við brúna á móts við Goðdali. Við endurreikningana var notuð jafnan  $Y = -2,2 + 0,162 \times X$ , fylgni = 0,82. Hún var hún einnig notuð til að endurreikna mæligildi úr einu sýni úr austurkvísl Jökulsár við Eyfirðingaveg. 118 sýni úr ánni höfðu verið mæld með gömlu aðferðinni, og leiddu endurreikningarnir til breytinga á 18 sýnum. Meðaltöl allra sýnanna við Goðdali breyttust um 2 mg/l, en mesta breytingin var 29 mg/l.

Úr Jökulsá austari hafa verið tekin fá sýni, flest þeirra við Skatastaði, en örfá við Austurbug. Við endurreikningana var notuð jafnan  $Y = -0,6 + 0,141 \times X$ , fylgni = 0,87. Hún er byggð á samanburðarmælingum frá báðum tökustöðunum. 17 sýni úr ánni höfðu verið mæld með gömlu aðferðinni, og leiddu endurreikningarnir til breytinga á einu sýni um 10 mg.

### 5.3 Austurhluti Norðurlands

Þetta svæði nær yfir vatnasvið Skjálfandafljóts, Laxár og Jökulsár á Fjöllum, svæði 670-719 í gagnasafni VOD.

Samanburðarmælingar á sýnum úr Skjálfandafljóti benda ekki til þess, að ástæða sé til að endurreikna mæligildi sýna þaðan, sjá mynd 3. Samt má geta þess, að í tveimur sýnum, sem tekin voru við Stóruvelli, 21. ágúst 1978 og 1. september 1981, er leirstyrkur áberandi hærri en í öðrum sýnum, um 50 mg/l. Svo vill einnig til, að efnastyrkur í þeim mældist hærri en í öðrum sýnum frá þessum stað. Gömlu mæligildin eru hér látin standa óbreytt. Í sýni úr Rjúpnabrekkukvísl, sem er ein af upptakakvíslum Skjálfandafljóts, frá 11. ágúst 1982 og úr ís úr Rjúpnabrekkukjúkli frá 24. ágúst 1979, hefur leirstyrkur mælst svo hár, að hugsanlega gætu gildin fyrir efnastyrk verið heldur há, en þau eru hér látin vera óbreytt, þar sem samanburðarmælingar skortir.

Af vatnasviði Laxár í Þingeyjarsýslu hafa aðeins verið mæld tvö sýni, bæði úr Kráká, sem ekki gefa tilefni til endurskoðunar.


Úr Jökulsá á Fjöllum hafa verið tekin sýni á þremur stöðum, við Ferjubakka, Grímsstaði og Uppþyppinga. Ennfremur hafa verið tekin sýni úr Kreppu við brú. Samanburðarmælingar hafa verið gerðar á sýnum frá öllum þessum stöðum, sjá mynd 3.

Úr Jökulsá við Ferjubakka hafa 15 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Þar var notuð jafnan  $Y = 0,6 + 0,084 \times X$ , fylgni = 0,62. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 4 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 2 mg/l.

Frá Grímsstöðum hafa 240 sýni verið mæld með skilvindaaðferðinni. Þar að auki höfðu 33 sýni verið mæld fyrir þann tíma, að skilvinda var tekin í notkun, en efnastyrkur þeirra og styrkur fíns leirs er áætlaður, eins og nefnt er hér að framan. Þau gildi voru ekki endurreiknuð. Notuð var jafnan  $Y = -0,8 + 0,115 \times X$ , fylgni = 0,86. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 134 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 7 mg/l. Mesta breytingin var 76 mg/l.

Úr Jökulsá á móts við Uppþyppinga hafa 84 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Notuð var jafnan  $Y = 0,9 + 0,064 \times X$ , fylgni = 0,66. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 37 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 4 mg/l. Mesta breytingin var 70 mg/l.

Úr Kreppu hafa 93 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Notuð var jafnan  $Y = 2,0 + 0,106 \times X$ , fylgni = 0,77. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 70 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 7 mg/l. Mesta breytingin var 31 mg/l.




Mynd 3. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Skjálfandaflijt - Kreppa.

Örfá sýni hafa verið tekin úr öðrum ám á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Ekki sýnist ástæða til endurmats á neinu þeirra.

## 5.4 Austurland

Þetta svæði nær yfir vatnasvið áa, sem falla til sjávar í Vopnafirði og Héraðsflóa, svæði 720-769 í gagnasafni VOD. Samanburðarmælingar hafa verið gerðar á sýnum úr Jökulsá á Dal, bæði við Hjarðarhaga og Brú, og úr Jökulsá í Fljótssdal við Hól, sjá mynd 4.

Sýni úr ánum í Vopnafirði eru aðeins tvö. Í þeim var nær enginn aur, svo að ekki þarf að huga að endurmati þar.



Mynd 4. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Jökulsá á Dal - Jökulsá í Fljótssdal.

Úr Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga hafa verið mæld 331 sýni með gömlu aðferðinni, auk þess hafði 1 sýni verið mælt, áður en skilvindan var tekin í notkun. Ljóst hefur verið, að aðgreining í skilvindu hefur oft ekki tekist sem skyldi, svo að gildin fyrir efnastyrk hafa verið of há. Notuð var jafnan  $Y = 1,0 + 0,163 \times X$ , fylgni = 0,87. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 235 sýnum. Í þó nokkrum tilfellum gáfu reikningarnir of mikinn mismun, jafnvel alltof mikinn. Gildin fyrir efnastyrk urðu mjög lág, jafnvel verulega negatíf. Þar er um að ræða sýni með mjög miklum leir, sérstaklega sýni frá tímanum, þegar gangur var í Brúarjökli 1963-1964. Í sumum þeirra sýna hafði leirstyrkur mælst margfalt hærrí en gildin, sem samanburðarmælingarnar ná til. Í þeim tilfellum var gripið til þess ráðs að giska á gildi fyrir efnastyrk. Þau sýni eru auðkennd með "P" dálki merktum "Athugasemdir" í töflunum. Meðalefnastyrkur F-sýnanna, sem flest voru tekin á tíma framhlaupsins í Brúarjökli, lækkaði við þessar ágiskanir um 31 mg/l. Meðaltal allra S-sýnanna lækkaði um 17 mg/l, úr 62 í 45. Mesta breytingin var 103 mg/l.



Úr Jökulsá á Dal við Brú hafa verið mæld 150 sýni með gömlu aðferðinni. Hér var notuð jafnan  $Y = 1,4 + 0,184 \times X$ , fylgni = 0,94. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 129 sýnum. Í fimm þeirra reiknaðist efnastyrkur óeðllega hár samkvæmt jöfnunni og var hann áætlaður. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 23 mg/l, úr 61 í 38. Mesta breytingin var 104 mg/l. Hlutfallslega minna er af vetrarsýnum þaðan en frá Hjarðarhaga.

Úr Lagarfjljóti hafa verið mæld 119 sýni með gömlu aðferðinni. Nær engin sýni hafa verið mæld þaðan, síðan farið var að nota membransíur. Aurstyrkur mældist lágur þarna, en verulegur hluti aursins er af leirkornastærð. Sé hæsta gildið fyrir leirstyrk sett inn í jöfnuna, sem notuð var til að endurreikna gildin úr Jökulsá í Fljótsdal, kemur út mismunur, sem er undir 3, svo að ekki ætti að vera ástæða til að vantreysta svo mjög gildunum úr Lagarfjljóti, a.m.k. hvað þetta snertir.

Úr Jökulsá í Fljótsdal við Hól hafa verið mæld 262 sýni með gömlu aðferðinni. Notuð var jafnan  $Y = 0,7 + 0,028 \times X$ , fylgni = 52. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á 78 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 4 mg/l, úr 54 í 50. Mesta breytingin var 72 mg/l. Meðal sýnanna voru nokkur sýni frá 1972, þegar gangur var í Eyjabakkajökli. Endurreikningar á gildum þeirra gáfu líka skikkanlegar útkomur nema á einu sýni, og voru gildi þess áætluð. Jafnan var einnig notuð til þess að endurreikna gildi sýnis, sem var tekið á mótis við Valþjófsstað.

Mæld hafa verið með gömlu aðferðinni 23 sýni úr Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakkafoss. Þar sem aðeins hefur verið gerð 1 samanburðarmæling þaðan, var jafnan fyrir Jökulsá við Hól notuð til að endurreikna gildin frá Eyjabakkafossi. Reikningarnir leiddu til breytinga á 11 sýnum. Meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 4 mg/l, úr 47 í 43. Mesta breytingin var 11 mg/l.

## 5.5 Suðausturland





Þetta svæði nær yfir vatnasvið áa, sem falla til sjávar á Austfjörðum og allt vestur að Örafajökli, svæði 770-796 í gagnasafni VOD. Úr ám austan Jökulsár í Lóni hafa fá sýni verið tekin, og bendir ekkert til þess, að ástæða sé til að endurskoða mæligildi þaðan.

Úr Jökulsá í Lóni hafa 53 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni, en aðeins þrjú með báðum aðferðunum. Í þessum þremur sýnum var leirstyrkur fremur lágur og mismunur eftir aðferðum ekki marktækur. Að svo komnu máli verður að líta svo á, að spurningunni um það hvort endurreikna þurfi eitthvað af gildunum úr Jökulsá í Lóni sé enn ósvarað. Til þess þarf að mæla sýni með hærri leirstyrk.

Úr Hornafjarðarfjljóti hafa 10 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni og fjögur til viðbótar með þeim báðum. Út frá þeim var reiknuð jafnan  $Y = 1,3 + 0,237 \times X$ , fylgni = 0,44, sjá mynd 5. Hún er mjög ótraust, punktarnir fáir og fylgnin lítil, en notast var við hana til að endurreikna gömlu gildin. Við endurreikningana urðu verulegar breytingar á gildum allra sýnanna, að meðaltali lækkaði efnastyrkurinn um 23 mg/l, úr 59 í 36. Mesta breytingin var 30 mg/l.

Samanburðarmælingar skortir á sýnum úr ánum á svæðinu frá Hornafjarðarfjljóti að Kvía í Örafum. Í Djúpa á Mýrum hefur leirstyrkur mælst fremur lágur, svo að þar væri líttilla breytinga að vænta. Í Hólmsá á Mýrum hefur hann mælst verulegur í fáeinum sýnum og sömuleiðis í nokkrum sýnum úr Kolgrímu, en þaðan hafa verið mæld 55 svifaurssýni með gömlu aðferðinni. Í Stemmu mældist hár leirstyrkur, en samanburðarmælingar eru engar á sýnum þaðan af eðlilegum ástæðum, því að áin hvarf sumarið 1990, tók að renna til Breiðamerklóns. Í Jökulsá á Breiðamerkursandi hefur mælst óverulegur leirstyrkur, en talsverður í Fjallsá (9 sýni) og Hrutá (1 sýni).

Úr Kvía hafa verið mæld 50 sýni með gömlu aðferðinni. Þar hefur leirstyrkur mælst að staðaldri hærri en í öðrum ám og efnastyrkur einnig, en jafnframt verið ljóst, að aðskilnaður í skilvindu hefur að jafnaði alls ekki tekist sem skyldi. Því hefur verið vitað, að gildin fyrir efnastyrk hafa verið of há, jafnvel alltof há. Við endurreikningana var notuð jafnan  $Y = 7,5 + 0,147 \times X$ , fylgni = 0,93. Endurreikningarnir leiddu til breytinga á öllum sýnunum, eins og ljóst má vera af jöfnunni,




Mynd 5. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Hornafjarðarfliót - Skaftafellsá.

Þar sem fastinn er svo hár. Í tveimur tilfellum reiknaðist mismunurinn of mikill, svo að giska þurfti á efnastyrkinn. Meðalefnastyrkur lækkaði um 40 mg/l, sem er miklu meiri breyting en annars staðar. Mesta breytingin var 137 mg/l.

## 5.6 Skeiðarársandur

Þetta eru svæði 797, 812 og 813 í gagnasafni VOD. Aðalvatnsfallið er Skeiðará og hafa fjölmörg sýni verið tekin úr henni. Enn fremur hafa verið tekin sýni úr þverám hennar, Svínafellsá og Skaftafellsá. Á sandinum vestanverðum eru Gígjukvísl, Súla og Núpsá, en tvær þær síðastnefndu sameinast og mynda Núpsvötn, þar sem þær renna undir Núpsvatnabré. Úr öllum þessum ám hafa verið tekin sýni.



Mynd 6. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Skeiðará - Súla.

Úr Skeiðará hafa sýni verið tekin á nokkrum stöðum, en langflest við brúna. Þaðan hafa verið mæld 376 svifaurssýni og 3 íssýni með gömlu aðferðinni. Við endurreikningana var notuð jafnan  $Y = 2,8 + 0,106 \times X$ , fylgni = 0,70. Hún er reiknuð eingöngu fyrir sýni, sem tekin hafa verið á milli hlaupa, sjá mynd 6. Sýni úr hlaupinu 1991 eru auðkennd sérstaklega á myndinni, en í þeim mældist mismunurinn innan skekkjumarka, nema í einu sýni. Sýni úr hlaupum voru ekki endurreiknuð, en reikningarnir leiddu til breytinga á langflestum þeim sýnum, sem þeir voru látnir ná til. Meðalefnastyrkur allra sýna frá árunum 1974-90 lækkaði um 11 mg/l, en í því meðaltali eru mörg sýni tekin í hlaupum. Mesta breytingin var 122 mg. Efnastyrkur úr fjórum sýnum í upphafi hlaupsins 1986 var endurmetinn með áætlun, en skráð hafði verið, þegar sýnin voru rannsökuð, að vatnið úr skilvindunni hafi ekki náð að verða alveg tært.

Langflest sýni, sem tekin hafa verið á öðrum stöðum í Skeiðará, eru úr hlaupum og eru því ekki endurreiknuð. Nærri brúarstæði og Skaftafellsbrekku hafa verið tekin sýni á milli hlaupa, eitt sýni á hvorum stað, og voru þau endurreiknuð. Úr Skeiðará ofan Morsár voru tekin F-sýni í hlaupinu 1965 og bæði fyrir og eftir það hlaup. Prófað var að endurreikna þau með jöfnunni, sem notuð var við Skeiðará við brú, en sum gildin fyrir efnastyrk, sem út úr þeim reikningum komu, einkum fyrir hlaupið, reyndust ótrúlega lág. Gildin frá því eftir hlaupið, frá síðustu mánuðum ársins 1965, virtust hins vegar trúverðug eftir endurreikninga. Sá kostur var valinn, að láta öll gömlu gildin frá þessum tókustað standa óbreytt, enda er raunar mjög hæpið að endurreikna mæligildi sýna, sem tekin hafa verið ofan Morsár, út frá samanburðarmælingum á sýnum teknum við brú, því að líklegt er, að með Morsá berist leir, jafnvel töluvert mikill, þegar vöxtur er í henni.

Úr Kotá og Virkisá hefur eitt sýni verið mælt úr hvorri á, bæði með gömlu aðferðinni. Þau eru ekki endurreiknuð, en gildin fyrir efnastyrk eru trúlega of há, sérstaklega úr Virkisá.

Úr Svínafellsá hafa 18 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Þau voru öll endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 14,9 + 0,033 \times X$ , fylgni = 0,74, sjá mynd 5. Gildin breyttust í öllum sýnunum sem von er, þar sem fastinn í jöfnunni er svo hár. Að meðaltali lækkuðu gildin fyrir efnastyrk um 19 mg/l. Mesta breytingin var 40 mg/l.

Úr Skaftafellsá hafa 21 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 13,9 + 0,098 \times X$ , fylgni = 0,84, sjá mynd 5. Einnig hér breyttust öll gildin, af því að fastinn er hár. Reyndar reiknaðist eitt gildið fyrir efnastyrk í lægsta sennilega lagi, 5 mg/l, það var hækkað í 15 mg/l og er auðkennt með "P" í aurburðartöflunum. Að meðaltali lækkuðu gildin fyrir efnastyrk um 26 mg/l. Mesta breytingin var 68 mg/l.

Úr Gígjukvísl við brú hafa 185 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 4,8 + 0,061 \times X$ , fylgni = 0,91, sjá mynd 6. Ekki voru endurreiknuð gildi úr sýnum teknum í Grímsvatnahlaupum, einu sýni, sem aðeins hafði mælst með efnastyrk 3 mg/l, og einu sýni af ís, sem enginn leir hafði mælst í. Eitt sýni úr Gígjukvísl, sem var tekið, áður en brúin var gerð, var endurreiknað, en önnur sýni tekin annars staðar en við brúna voru ekki endurreiknuð, því að þau voru tekin í Grímsvatnahlaupinu 1972. Að meðaltali lækkuðu gildin fyrir efnastyrk um 13 mg/l. Mesta breytingin var 99 mg/l.






Úr Núpsvötnum hafa verið mæld 65 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = -1,0 + 0,222 \times X$ , fylgni = 0,98, sjá mynd 6. Hér er fylgin einstaklega góð, en jafnan byggist á of fáum sýnum. Breytingar urðu á gildum í 57 sýnum. Að meðaltali lækkuðu gildin fyrir efnastyrk um 16 mg/l. Mesta breytingin var 46 mg/l.

Úr Súlu hafa verið mæld 68 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru, að undanskildum þremur sýnum úr Grímsvatnahlaupinu 1972 og einu íssýni, sem enginn leir hafði mælst í, endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 9,3 + 0,099 \times X$ , fylgni = 0,77. Breytingar urðu á gildum úr öllum sýnunum, af því að fastinn er svo hár. Að meðaltali lækkuðu gildin fyrir efnastyrk um 23 mg/l. Mesta breytingin var 52 mg/l.

Úr Núpsá skortir samanburðarmælingar, en lítil leir hefur mælst í sýnum þaðan, svo að ólíklegt er, að þar þurfi endurreikninga við.

## 5.7 Miðsuðurland

Þetta svæði nær frá Lómagnúpi vestur að vatnasviði Þjórsár, byrjar á Djúpá í Fljótshverfi og endar á Ytri-Rangá. Það eru svæði 814-837 í gagnasafni VOD.



Mynd 7. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Djúpá - Skaftá.

Úr Djúpa í Fljótshverfi hafa verið mæld 227 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 0,9 + 0,233 \times X$ , fylgni = 0,90. Jafnan byggist á samanburðarmælingum á sýnum, sem tekin hafa verið frá miðju ári 1991 til ársloka 1993, en nýrri gildi voru ekki tekin með, af því að gangur var í Síðujökli 1994. Reikningarnir leiddu til breytinga á gildum 107 sýna. Í fjórum tilfellum reiknaðist mismunurinn óeðlilega mikill, svo að giska þurfti á efnastyrkinn. Meðaltal fyrir efnastyrk allra sýnanna lækkaði um 6 mg/l. Mesta breytingin var 110 mg/l, en þar var um að ræða endurmat á gildum sýnis, sem tekið var, þegar gangur var í Síðujökli 1963. Þar fyrir utan var mesta breytingin 39 mg/l líka í sýni úr sama framhlaupi.

Úr Laxá og Brunná í Fljótshverfi hafa verið tekin örfá sýni. Í Laxá er mjög lítill svifaur, svo að ekki þarf að huga að endurmati þar. Í Brunná er líka oftast mjög lítill svifaur, en í einu sýni, sem tekið var, þegar framhlaup Síðujökuls 1964 stóð yfir, hafði mælst mikið af svifaur, aðallega af leirkornastærð. Efnastyrkur þess var endurmetinn með hliðsjón af samanburðarmælingum úr Hverfisfljóti frá árinu 1994.

Úr Hverfisfljóti hafa verið mæld 218 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 4,5 + 0,107 \times X$ , fylgni = 0,76. Eins og í Djúpa byggist jafnan á samanburðarmælingum á sýnum, sem tekin hafa verið frá miðju ári 1991 til ársloka 1993, en nýrri gildi voru ekki tekin með vegna framhlaups Síðujökuls. Reikningarnir leiddu til breytinga á gildum nær allra sýnanna. Í tveimur tilfellum reiknaðist mismunurinn óeðlilega mikill, svo að giskað var á efnastyrkinn. Meðaltal fyrir efnastyrk allra sýnanna lækkaði um 10 mg/l. Mesta breytingin var 65 mg/l, en þar var um að ræða endurmat á gildum sýnis, sem tekið var 1964, þegar gangur var í Síðujökli, en þar fyrir utan var mesta breytingin 27 mg/l.

Úr Geirlandsá hafa verið tekin örfá sýni, en í þeim hefur mælst mjög lítið af leir, svo að ekki er ástæða til að endurskoða þau.

Úr Skaftá við Kirkjubæjarklaustur hafa verið mæld 246 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 1,1 + 0,142 \times X$ , fylgni = 0,73. Sýni úr hlaupum voru ekki endurreiknuð. Breytingar urðu á gildum 57 sýna, en meðaltal efnastyrks allra sýnanna lækkaði um 1 mg/l. Mesta breytingin var 19 mg/l.

Sex sýni hafa verið tekin úr Skaftá við Ytri-Dalbæ og Skál, og voru þau mæld með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með sömu jöfnu og sýnin frá Kirkjubæjarklaustri. Við það urðu breytingar á gildum fjögurra þeirra.

Úr Ása-Eldvatni við Ása hafa verið mæld 88 sýni með gömlu aðferðinni. Mörg þeirra hafa verið tekin í hlaupum og voru þau ekki endurreiknuð, en hin sýnin voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = -0,2 + 0,072 \times X$ , fylgni = 0,79. Við það urðu breytingar á gildum sjö sýna, mest um 9 mg/l, en það leiddi ekki til breytinga á meðaltali fyrir öll sýnin.


Úr Skaftá við Skaftárdal hafa verið mæld 201 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = -0,3 + 0,082 \times X$ , fylgni = 0,61. Sýni úr hlaupum voru þó ekki endurreiknuð. Breytingar urðu á gildum 22 sýna, en meðaltal allra sýnanna breyttist um 1 mg/l. Mesta breytingin var 14 mg/l.

Úr Skaftá við Sveinstind hafa fjögur sýni verið mæld með gömlu aðferðinni, þrjú eru hlaupsýni og það fjórða gaf ekki tilefni til endurreiknings.

Við endurreikninga á gildum úr Skaftá og Ása-Eldvatni var byggt á samanburðarmælingum á sýnum frá árunum 1991-94. Yngri sýni voru ekki notuð vegna framhlaups í Skaftárjökli 1995. Úr Tungufljóti hafa sjö sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar hafa engar verið gerðar, enda sýnist engin ástæða vera til að endurmetu gömlu mæligildin.

Úr Hólmsá hafa 214 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = -2,5 + 0,175 \times X$ , fylgni = 0,67. Við endurreikningana breyttust gildi 41 sýnis, en meðaltal allra sýnanna breyttist um 2 mg/l. Mesta breytingin var 31 mg/l.

Úr Leirá hafa verið tekin sex sýni og voru fjögur þeirra aðeins mæld með gömlu aðferðinni. Hin tvö voru mæld með báðum aðferðunum, sem bar vel saman í öðru sýninu, en ekki í hinu. Leirstyrkur var nokkuð hár í tveimur gömlu sýnunum og getur vel verið, að efnastyrkur þeirra hafi mælst of hár.



Mynd 8. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Hólmsá - Markarfljót.

Úr Skálm hafa verið mæld 109 sýni með gömlu aðferðinni og tvö sýni með þeim báðum og bar aðferðunum þá vel saman. Það er að vísu alls ekki nægur samanburður, en leirstyrkur hefur sjaldan mælst hár í Skálm, svo að líklega er lítil þörf á endurskoðun gagna þaðan, helst væri það á gildum frá því um haustið 1976, en þá varð framhlaup í Höfðabrekkujökli. Sama máli ætti að gegna með Sandvatn, en eitt sýni hefur verið tekið úr því og mælt með gömlu aðferðinni.

Samanburðarmælingar á sýnum úr Múlakvísl sýna lítinn mun á aðferðunum, mikla dreifingu og nær enga fylgni við leirstyrk, sjá mynd 8. Samkvæmt þeim væri eðlilegast að nota meðaltalið 3 mg/l til að lækka mæld gildi efnastyrks og hækka gildi leirstyrks. Gildin, sem fengust með gömlu mælingunum eru þó látin standa hér óbreytt. Eftirtektarvert er það, að hér ber aðferðunum nokkuð vel saman, þó að leirstyrkur sé oft hár, líkt og í sýnum úr hlaupum úr Grímsvötnum og Skaftárkötlunum. Sameiginleg einkenni eru hár efnastyrkur og aurinn er mjög ríkur af fersku gleri (gosösku). Þess ber þó að geta, að við mælingar á örfáum sýnum úr Múlakvísl varð þess vart, að

Úr Jökulsá á Sólheimasandi hafa 236 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni og að auki tvö úr Sólheimajökli. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = -1,2 + 0,113 \times X$ , fylgni = 0,78. Breytingar urðu á gildum 177 sýna, en meðaltal allra sýnanna breyttist um 12 mg/l. Mesta breytingin var 71 mg/l.

Úr Skógá hafa verið tekin átta sýni og öll mæld með gömlu aðferðinni. Í þeim mældist nær enginn leir, svo að ekki er ástæða til tortryggja þau mæligildi.

Úr Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum hafa verið tekin sex sýni og öll verið mæld með gömlu aðferðinni, svo að ekki eru tók á að endurreikna eða endurmeta þau gildi, en varla skeikar þar miklu.

Úr Markarfljóti við Eyvindarholt hafa verið tekin 172 sýni, þar af átta af ís. Öll hafa sýnin verið mæld með gömlu aðferðinni. Vegna þess að samanburðarmælingar skortir, er ekki unnt að endurreikna gömlu mæligildin. Leirstyrkur hefur oftast mælst lágur, en þó koma fyrir nokkur gildi, þar sem hann fer yfir 100 mg/l. Hugsanlega hafa gildin fyrir efnastyrk í þeim sýnum mælst of há.

Úr Markarfljóti við Emstrubru hafa verið mæld 23 sýni með gömlu aðferðinni. Þau voru endurreiknuð með jöfnunni  $Y = 0,5 + 0,135 \times X$ , fylgni = 0,61, sjá mynd 8. Jafnan byggist á fáum sýnum og fylgnin er mjög léleg, svo að hér er þörf á frekari samanburðarmælingum. Breytingar urðu á mæligildum þriggja sýna, en meðaltal efnastyrks allra sýnanna lækkaði um 1 mg/l. Mesta breytingin var 18 mg/l.

Úr Innri-Emstruá hafa verið tekin tvö sýni og bæði mæld með gömlu aðferðinni. Hugsanlega hefur efnastyrkur í seinna sýninu mælst heldur hár.

Úr öðrum ám á svæðinu, Þverá, Eystri- og Ytri-Rangá, skortir samanburðarmælingar, en þeirra ætti ekki að vera þörf, þar sem mjög lítill leir hefur mælst í þeim. Því ætti ekki að vera þörf á að endurskoða gildi fyrir efnastyrk og leir í sýnum úr þeim.

## 5.8 Vatnasvið Þjórsár

Þetta eru svæði 840 og 850 í gagnasafni VOD.

Úr Þjórsá við Urriðafoss hafa verið tekin 224 sýni og hafa þau öll verið mæld með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar eru því engar þaðan, en þær hafa verið gerðar á nokkrum sýnum teknum við Sandafell, sjá mynd 9. Mæligildin frá Urriðafossi voru endurreiknuð með jöfnunni, sem fékkst út frá samanburðarmælingunum á sýnunum frá Sandafelli,  $Y = 3,4 + 0,134 \times X$ , fylgni = 0,60. Við endurreikningana urðu breytingar á gildum 127 sýna, tvö gildi fyrir efnastyrk reiknuðust ótrúlega lág og var giskað á gildi þeirra, þau eru auðkennd með "P" í athugasemdadálki í svifaurstöflum. Mesta breytingin var 35 mg/l, en meðalbreytingin fyrir öll sýnin var 4 mg/l.

Úr Þjórsá við Þrándarholt hefur eitt sýni verið tekið og mælt með gömlu aðferðinni. Við endurreikning með jöfnunni frá Sandafelli lækkaði efnastyrkur þess um 8 mg/l.



Sjö sýni hafa verið tekin úr Þjórsá við Þjórsárholt og öll mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikning með jöfnunni frá Sandafelli lækkaði efnastyrkur þeirra allra, mest um 11 mg/l, en að meðaltali um 7 mg/l.

Við Haga hafa verið tekin úr Þjórsá 11 sýni og öll mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikninga með jöfnunni frá Sandafelli lækkaði efnastyrkur allra sýnanna, mest um 9 mg/l, en að meðaltali um 7 mg/l.

Úr Þjórsá við Skriðufell hafa verið tekin þrjú sýni. Þau voru mæld fyrir daga skilvindunnar, svo að skiptingin á milli leirs og uppleystra efna hafði verið áætluð. Þau gildi eru látin vera óbreytt.

Eitt sýni hefur verið tekið úr Þjórsá við Sandártungu. Það var mælt með gömlu aðferðinni, en endurreikningur leiddi ekki til breytingar.





Mynd 9. Samband leirstyrks og mismunar á efnastyrk eftir því hvort leirinn hefur verið skilinn frá með skilvindu eða síun. Þjórsá og Kaldakvísl.

Úr Þjórsá við Tröllkonuhlaup hafa verið tekin 10 sýni og öll mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikninga með jöfnunni frá Sandafelli urðu breytingar á mæligildum fimm þeirra og meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 5 mg/l. Mest varð breytingin um 22 mg/l.

Eitt sýni hefur verið tekið úr Þjórsá 1 km neðan Ísakots. Það var mælt með gömlu aðferðinni. Við endurreikning lækkaði efnastyrkur þessu um 9 mg/l.

Úr Þjórsá við Ísakot hafa verið tekin 33 sýni og öll mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikninga með jöfnunni frá Sandafelli urðu breytingar á mæligildum 14 sýna, mest um 10 mg/l, en meðalefnastyrkur allra sýnanna lækkaði um 3 mg/l.

Úr Þjórsá við Sandafell hafa verið 259 sýni með gömlu aðferðinni. Við endurreikningana urðu breytingar á gildum 145 sýna. Mesta breytingin var 32 mg/l, en að meðaltali fyrir öll sýnin 5 mg/l.

Sýni hafa verið tekin á nokkrum stöðum á virkjunarsvæði Búrfellsvirkjunar. Öll hafa þau verið mæld með gömlu aðferðinni. Jafnan frá Sandafelli hefur verið notuð til að endurreikna efna- og leirstyrk þeirra.

Úr útrennsli úr stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar hafa verið tekin 34 sýni. Endurreikningar leiddu til breytinga á gildum 32 þeirra. Mesta breytingin var 28 mg/l.

Við stjórnlokur Búrfellsvirkjunar hafa verið tekin 12 sýni úr innrennslisskurðinum til Bjarnalóns. Endurreikningar leiddu til breytinga á gildum 6 þeirra. Breytingarnar voru óverulegar, mest 7 mg/l, en meðaltal allra gildanna fyrir efnastyrk lækkaði um 3 mg/l.

Tekin hafa verið 35 sýni úr innrennslisskurðinum til Bjarnalóns við Ísakot. Endurreikningar leiddu til breytinga á gildum 34 sýna. Mesta breytingin var 29 mg/l.

Úr Bjarnalækjarskurði hafa verið tekin 42 sýni. Endurreikningar leiddu til breytinga á gildum 34 þeirra. Mesta breytingin var 18 mg/l.

Sýni hafa verið tekin á nokkrum stöðum úr Þjórsá ofan ármóta hennar og Tungnár. Samanburðarmælingar skortir frá öllum stöðunum. Ekki er rökrétt að nota jöfnuna, sem byggist á samanburðarmælingum við Sandafell til þess að endurreikna mæligildi frá þeim stöðum. Telja verður mjög

líklegt, að gildin fyrir efnastyrk séu flest eitthvað of há og leirgildin að sama skapi of lág úr sumarsýnum frá þessum stöðum. Rétt er að vekja athygli á einu sýni af jökulís úr Hofsjökli. Í því hefur efnastyrkur mælst 132 mg/l og leirstyrkur 1844 mg/l. Efnastyrkurinn á vafalaust að vera miklu lægri og leirstyrkurinn að sama skapi hærri, enda segir athugasemdin "I", að ljóst hafi verið, þegar sýnið var mælt, að aðskilnaður í skilvindu hafi ekki tekist vel.

Úr Tungná hafa verið tekin rúmlega 600 sýni, sem mæld hafa verið með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar skortir alveg, svo að engin tók eru á að endurreikna eða endurmeta gildi þaðan. Vegna framhlaups Tungnárjökuls 1994-95 er ekki útlit fyrir, að hægt verði næstu árin að taka sýni úr Tungná, sem verði sambærileg við sýnin, sem þyrfti að endurreikna. Eini möguleikinn er að reyna að giska á, hver skekkjan gæti verið.

Meðalleirstyrkur 42 sýna úr Þjórsá við Fitjaskóga, Sóleyjarhöfða og ofan Hreysiskvíslar mældist 44 mg/l. Í 211 sýnum úr Tungná við Hald og Hrauneyjar mældist leirstyrkur að meðaltali 16 mg/l. Meðalleirstyrkur 178 sýna úr Þjórsá við Urriðafoss mældist 32 mg/l. Allt eru þetta gildi byggð á gömlu aðskilnaðaraðferðinni. Meiri hluti leirsins í Þjórsá neðan ármótanna virðist samkvæmt þessu vera kominn með Þjórsá sjálfri.

Hér má geta þess, að 23. ágúst 1979 voru tekin tvö sýni af ís úr Hofsjökli við Klakk. Meira en hundraðfaldur munur var á aurstyrk í þessum tveimur sýnum. Í því sýninu, sem var aurugra, mældist leirstyrkurinn 1844 mg/l, en efnastyrkurinn 132 mg/l. Í mælingunni kom skýrt fram, að ekki tókst að fella út allan leirinn í skilvindunni, og sýnið er í samræmi við það auðkennt með athugasemdinni "I".

Í Tungná við Hald, Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnaöldur hefur leirstyrkur langoftast mælst lágur, en í örfáum sýnum hefur hann þó mælst yfir 100 mg/l. Sennilega þyrfti að leiðrétta gildi tiltölulega fárra sýna frá þessum stöðum. Við Gnapa og Jökulkrók hefur leirstyrkurinn mælst miklu hærri, enda er Tungná þar eindregin jökulá. Vegna þess að samanburðarmælingar skortir og ekkert er vitað hversu fínn fínasti leirinn er, er varlegt að reyna að giska á hve mikið þyrfti að leiðrétta þar. Sé gert er ráð fyrir, að aur af leirkornastærð í Tungná hafi svipaða eiginleika og í Skaftá og Köldukvísl, ætti leiðréttingin að vera að meðaltali eitthvað innan við 10 mg/l. Geta má þess, að aur hefur verið mældur í átta sýnum af jökulís frá upptökum Tungnár. Í tveimur þeirra mældist leirstyrkur mjög hár og efnastyrkur mældist einnig hár. Fullvíst má telja, að skýringin á háum mældum efnastyrk liggja í ófullkomnum aðskilnaði í skilvindu.

Úr Jökulgilskvísl hafa verið tekin 24 sýni og öll mæld með gömlu aðferðinni. Leirstyrkur hefur mælst svo lágur, að ekki er ástæða til að ætla, að hér þurfi að leiðrétta.

Úr Köldukvísl hafa sýni verið tekin á nokkrum stöðum, aðallega þó á fjórum stöðum. Örfáar samanburðarmælingar hafa verið gerðar á sýnum teknum við brú og við Þveröldu. Út frá þeim mælingum fékkst jafnan  $Y = -2,3 + 0,163 \times X$ , fylgni = 0,93, sjá mynd 9. Hún er hér notuð við endurreikninga á gildum sýna frá öllum tókustöðunum í Köldukvísl.

Úr Köldukvísl á Þóristungum hafa verið tekin 31 sýni, þar af átta sýni af ís. Endurreikningar leiddu aðeins til breytinga á gildum eins sýnis um 14 mg/l.

Úr Köldukvísl við Brúarfoss hafa átta sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikninga varð breyting á gildum fjögurra þeirra, mest varð breytingin 17 mg/l, en að meðaltali fyrir öll sýnin frá þessum stað 5 mg/l.

Úr Köldukvísl ofan Þórisóss hafa sjö sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Við endurreikninga varð breyting á gildum tveggja þeirra, um 6 og 7 mg/l.

Tvö sýni hafa verið tekin á móts við Sauðafell, en engar breytingar urðu á gildum þeirra við endurreikninga. Við Þveröldu hafa verið tekin átta sýni og varð breyting um 6 mg/l á einu þeirra. Eitt sýni hefur verið tekið á móts við Syðri-Hágöngu. Þar varð engin breyting við endurreikning.

Úr Sveðju, sem er ein af upptakakvísllum Köldukvíslar hefur eitt sýni verið tekið. Þar varð breyting við endurreikning um 27 mg/l.

Í tveimur sýnum, sem tekin voru úr Köldukvíslarskurði 18. september 1974, mældist mjög hár leirstyrkur. Efnastyrkur mældist einnig mjög hár. Við endurreikning lækkaði efnastyrkur annars sýnisins úr 107 í 68 mg/l og hins sýnisins úr 135 í 50 mg/l.

Sýni hafa verið tekin úr nokkrum fleiri þverám Tungnár og Þjórsár, oftast mjög fá á hverjum töku- stað nema úr Systrakvísl við Tungná og Fossá í Þjórsárdal. Þau hafa verið mæld með gömlu aðferðinni og engar samanburðarmælingar verið gerðar. Oftast hefur leirstyrkur mælst lágur, svo að endurreikninga ætti þá ekki að vera þörf, en rétt er þó að vekja athygli á einu sýni, þar sem örugglega skeikar töluverðu. Það er af jökulís í Systrakvísl frá 17. júlí 1975. Leirstyrkur mældist 1544 mg/l, en efnastyrkur 121 mg/l. Hér hefur örugglega ekki tekist að skilja leirinn nægilega vel frá.

## 5.9 Vatnsvið Ölfusár og svæðið sunnan Hvalfjarðar

Þetta eru svæði 870, 880 og 890 í gagnasafni VOD.

Úr Ölfusá við Selfoss hafa verið mæld 141 sýni, þar af 13 íssýni, öll með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar hafa engar verið gerðar, enda hefur leirstyrkur mælst svo lítill, að ekki virðist ástæða til endurskoðunar.

Úr Hvítá við Iðu hafa verið 111 sýni, öll með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar hafa engar verið gerðar. Leirstyrkur hefur mælst lágur nema í örfáum sýnum.

Úr Hvítá við Hvítárholt og Hvítárdal hafa níu sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar hafa engar verið gerðar, enda hefur leirstyrkur mælst svo lítill, að ekki virðist ástæða til endurskoðunar.

Úr Hvítá við Brúarhlöð og Gullfoss hafa verið mæld 146 sýni með gömlu aðferðinni. Samanburðarmælingar hafa verið gerðar á örfáum sýnum og þar aðskilnaðaraðferðunum vel saman, en þess ber að geta, að í þeim sýnum öllum var leirstyrkur mjög lágur, svo að samanburðurinn er ekki fullnægjandi. Leirstyrkur hefur oftast mælst lágur þarna, en í fáeinum sýnum, sem tekin voru 1980, þegar gangur var í Hagafellsjöklum, mældist leirstyrkur yfir 100 mg/l. Líklegt er, að aðskilnaður í skilvindu hafi þá ekki tekist sem skyldi.

Úr Hvítá við Fremstaver og neðan Hvítárvatns hafa 53 sýni verið mæld með gömlu aðferðinni. Leirstyrkur hefur alltaf mælst lágur, svo að ekki ætti að vera ástæða til endurskoðunar.

Af þverám, sem falla til Hvítár eða Hvítárvatns að austanverðu, er aðeins ástæða til að nefna tvær, Jökulfall og Fúlukvísl. Samanburðarmælingar, sem gerðar hafa verið á örfáum sýnum úr Jökulfalli, sýna, eins og reyndar var vitað áður, að endurskoða þarf mæligildi þaðan, en til þess að það verði unnt, þarf fleiri samanburðarmælingar. Í sumum sýnunum úr Fúlukvísl hefur leirstyrkur mælst nokkuð hár, en samanburðarmælingar hafa engar verið gerðar.

Í þveránum að vestanverðu við Ölfusá og Hvítá er aðeins ástæða til að staldra við sýni, sem tekin voru 1980, þegar gangur var í Hagafellsjöklum. Þau voru tekin í Tungufljóti, Ásbrandsá, Farinu og Sandá. Þá mældist leirstyrkur mjög hár, svo að líklega hefur aðskilnaður í skilvindu ekki tekist sem skyldi.

Úr ám á svæðinu sunnan Hvalfjarðar hafa mjög fá sýni verið tekin og leirstyrkur alltaf mælst lágur, svo að engin ástæða er til endurskoðunar.

## 5.10 Samantekt

Þessir endurreikningar hafa leitt til breytinga á mæligildum 2523 sýna. Það er nærri þriðjungur þeirra sýna, sem voru mæld, áður en farið var að nota membransíur. Í þessari tölu eru 36 sýni, þar sem endurreikningarnir gáfu ótrúverðugar niðurstöður, þ. e. óeðlilega lág gildi á efnastyrk. Í þeim tilfellum voru gildin áætluð.

Endurreikningarnir hafa hlutfallslega lítil, oftast mjög lítil, áhrif á gildin fyrir aurstyrk, en sums staðar veruleg áhrif á gildin fyrir efnastyrk, jafnvel meðaltalsgildin, sérstaklega í Jökulsá á Dal, Hornafjarðarfjótí og ánum í Örafum, allt frá Kvía til Skeiðarár.

Vegna þess að samanburðarmælingar skortir, hafa endurreikningar ekki farið fram á mæligildum úr nokkrum ám, þar sem líklega væri breytinga að vænta. Þær eru þessar: Jökulsá í Leirufirði, Jökulsá í Lóni, Hólmsá á Mýrum, Kolgrímu, Stemmu, Fjallsá, Hrúta, Kotá, Virkisá, Leirá, Skálm, Markarfljóti við Eyvindarholt, Þjórsá ofan ármóta við Tungná, Tungná, Jökulfalli, Farinu og Sandá á Biskupstungnaafrétti. Úr flestum þessara áa hafa aðeins verið tekin örfá sýni, úr sumum aðeins eitt, og jafnvel við afbrigðilegar aðstæður, eins og þegar gangur hefur verið í jökli. Ekki er réttlætanlegt eða jafnvel framkvæmanlegt að taka sýni til að gera samanburðarmælingar, svo að hægt sé að endurreikna gömul mæligildi, þegar svo stendur á. Af þeim ám, sem hér voru taldar upp, hafa flest sýni verið tekin úr Jökulsá í Lóni, Markarfljóti við Eyvindarholt og Tungná. Þar væri æskilegt að gera samanburðarmælingar, þegar færi gefst.

Það liggur í hlutarins eðli, að endurreiknuðu og endurmetnu gildin eru ótraustari en mæligildi, sem byggjast á síun með membransíum, en munurinn á aðskilnaði með þessum tveimur aðferðum getur orðið svo mikill, og er svo greinilega tengdur leirstyrk sýnanna, að einsýnt þótti að nota þessa aðferð til þess að endurreikna gömlu gildin. Lesandinn verður að hafa í huga, að efnastyrkur sýnis, sem auðkennt er með "\*" í athugasemdadálki, er endurreiknaður, og hann er endurmetinn, þegar auðkennið er "P".

## 6. MÆLIGÖGN SVIFAURSMÆLINGA

Hér á eftir verða mæligögn svifaursmælinga á einstökum stöðum til ársloka 1995 sett fram í töflum. Í fyrri skýrslum um niðurstöður svifaursmælinga voru allar mæliniðurstöðurnar birtar í einni stórrri töflu. Fylgt var vatnasviðum, farið sólarinnis um landið og byrjað norðan Hvalfjarðar. Hér verður verður röðin hin sama, en í stað einnar stórrar töflu verða töflurnar fjölmargar, oftast ein tafla yfir sýni frá hverjum tókustað, þó að gjarna sé vikið frá þeirri reglu, þegar mismunandi sýnategundir hafa verið teknar á sama stað. Með því að skipta mæliniðurstöðunum niður á þennan hátt gefst tækifæri til þess að fjalla stuttlega um mælingar á hverjum stað fyrir sig. Á niðurröðun dálka í töflunum hefur verið gerð sú breyting, að dálkunum fyrir komastærðir er raðað þannig: Leir, Méla, Mór, Sandur í stað Sandur, Mór, Méla, Leir. Það er gert til samræmis við röðina á eyðublöðum fyrir komastærðarlínurit.

Í athugasemdadálkinum í töflunum eru athugasemdir, sem eru almenns eðlis, táknaðar með bókstöfum eða "\*". Þær athugasemdir eru skýrðar hér í upphafi kaflans. Athugasemdir, sem bundnar eru stað og tíma, eru táknaðar með "99". Þær eru skýrðar í lok kaflans.

### Athugasemdir almenns eðlis:

- A Rennsli áætlað eða mjög ónákvæmt.
- B Gangur í jökli á vatnasviði árinna veldur auknum aurburði.
- C Uppleyst efni voru ekki mæld í aurburðarstofu.
- E Aska frá Heklugosi hafði nýlega fallið á vatnasviði árinna.
- F Sandfok hefur hugsanlega valdið auknum aurstyrk.
- G Grímsvatnahlaup.
- H Grænalónshlaup.
- I Ekki tókst sem skyldi að aðgreina uppleyst efni og fínan leir. Efnastyrkur mældist því of hár, en leirstyrkur að sama skapi of lágur.
- J Jökulhlaup.
- K Kornastærðarmæling mjög ónákvæm.
- L Tekið við vinstri bakka.
- N Tekið af nýrri brúnni.
- O Tekið af eldri brúnni.
- P Tekið með sjálfvirkum sýnataka, dælu.
- R Tekið við hægri bakka.
- S Sleppt við útreikning á meðaltölum.
- T Nýfallinn vikur frá Heklugosi flaut ofan á ánni og var mjög misdreifður. Sýnið gefur því ekki rétta mynd af magni, svo að svifaur í kg/s er ekki reiknaður.
- U Efnastyrkur var svo hár, að aurmælingin var nánast marklaus með þeirri aðferð, sem notuð var.
- X Sýnaflöskurnar höfðu yfirfyllt, svo að í sýninu gæti verið of mikið af grófum svifaur.
- Z Sýnatakin hefur tekið í sig sand úr árbotninum. Sleppt við útreikning á meðaltölum.
- Þ Við endurreikningana, sem nefndir eru með skýringum á athugasemd "\*", kom óeðlileg niðurstaða, svo að efnastyrkur og þar með leirstyrkur er áætlaður.
- Æ Uppleyst efni og fínasti hluti leirsins voru mæld í einu lagi, svo að áætla þurfti magn hvors þáttar um sig.
- \* Fínasti hluti leirsins var skilinn frá uppleystum efnum í skilvindu. Sá aðskilnaður tókst oft ekki sem skyldi. Hér hefur efna- og leirstyrkur verið endurreiknaður með hliðsjón af samanburðarmælingum, þar sem borinn var saman aðskilnaður með skilvindu og síun með membransíu.

## 6.1 Vesturland

Með Vesturlandi er hér átt við Borgarfjarðarsýslu - Strandasýslu, svæði 500 í gagnasafni VOD.

Hér verður fyrst fyrir eitt sýni úr stöðuvatni, Eiðisvatni norðan Hvalfjarðar, sem er meðal örfárra stöðuvatni hér á landi, sem sýni til aurmælinga hafa verið tekin úr. Eins og við er að búast, er aurstyrkurinn lágur, en efnastyrkurinn mældist nokkuð hár, sjá töflu 4.

Í sömu töflu eru mæligildi sýna úr Laxá í Leirársveit, sem tekin voru við brúna hjá Hurðarbaki. Hér er engin rennislismælistöð, og rennslið við sýnatöku var ekki mælt með straumhraðamæli, heldur með svokallaðri *rekaðferð*, sem er fólgin í því að finna yfirborðsstraumhraða með því að láta hlut berast stutta vegalengd með straumnum á nokkrum stöðum á þversniði árinna. Jafnhliða hefur dýpi verið mælt á nokkrum stöðum á þversniðinu. Víða hefur verið notast við þessa aðferð til þess að mæla gróflega rennsli í ám samhliða sýnatöku. Þegar minnst er á, að rennsli hafi verið mælt með rekaðferð eða rekmælinu hér á eftir, er átt við þessa aðferð.

TAFLA 4. Eiðisvatn norðan Hvalfjarðar og Laxá í Leirársveit, Hurðarbaki

Tekið Dagur	Rennsli kl. m <sup>3</sup> /s	Svifaur		Efna- styrkur mg/l	Kornastærð mg/l				Kornastærð %				Stærstu korn mm	Töku- aðferð Ø mm	At- huga- semdir	
		mg/l	kg/s		Leir	Méla	Mór	Sandur	Leir	Méla	Mór	Sandur				
Eiðisvatn norðan Hvalfjarðar																
75.07.15			11		78	3	5	2	0	30	49	17	4		S3	
Laxá í Leirársveit, Hurðarbaki																
79.06.05	18:50	10,0	7	0,07	38	0	3	2	2	0	45	26	29	0,7	S1	6,0 KA
79.06.28	13:00	7,00	3	0,02	35									0,2	S1	6,0 A
79.10.24	11:30	18,0	36	0,65	31	8	6	17	5	22	17	46	15	0,8	S1	5,0 KA
80.07.08	13:30	2,70	63	0,17	34	0	1	4	58	0	1	7	92	0,9	S1	6,0 A
81.04.14	24:00	20,0	28	0,56	61	1	6	5	16	3	23	18	56	0,7	S1	5,0 A
82.06.03	20:10	14,0	13	0,18	26	0	3	3	6	1	24	26	49	0,8	S1	6,0
83.08.09	18:30	85,0	372	31,62	40	4	138	167	63	1	37	45	17	1,5	S1	4,0 A
84.04.04	14:30		19		37	0	1	6	12	0	5	30	65	1,0	S1	4,0
84.08.11	13:10	25,0	28	0,70	32	0	13	9	6	0	47	32	21	1,0	S1	5,0 A
Meðaltal 1979-84	9 S-sýna		63		37									0,8		


Mikill munur er á hæsta og lægsta rennsli við sýnatöku, enda er áin dragá. Aurstyrkur er lágur, nema í sýninu, sem tekið var við langhæsta rennslið í regnflóði að sumarlagi. Í einu sýninu var aurstyrkur svo lágur, að ekki var unnt að mæla kornastærðardreifingu.

Úr Hvítá í Borgarfirði við Ferjubakka voru tekin sex sýni á árunum 1973-74, sjá töflu 5. Eitt sýnið var tekið úr vetrarflóði, en hin voru öll tekin við svipað rennsli. Styrkur svifaurs var lítill, nema í flóðsýninu. Í einu sýninu var svifaurinn of lítill til að hægt væri að mæla kornastærðardreifingu.

TAFLA 5. Hvítá í Borgarfirði, Ferjubakka

Tekið Dagur	kl.	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Svifaur		Efna- styrkur mg/l	Kornastærð mg/l				Kornastærð %				Stærstu korn mm	Töku- aðferð Ø mm	At- huga- semdir
			mg/l	kg/s		Leir	Méla	Mór	Sandur	Leir	Méla	Mór	Sandur			
73.07.02	16:45	108	3	0,32	43											
73.07.31	18:00	100	16	1,60	46	4	8	4	1	23	50	23	4	0,8	S1	K
73.09.04	18:00	101	14	1,41	45	0	8	5	1	2	60	34	4	0,7	S3	K
74.02.26	14:30	400	427	170,80	27	21	132	226	47	5	31	53	11	0,5	S3	A
74.07.30	16:45	100	16	1,60	40	0	10	5	0	2	64	32	2	0,6	S1	K
74.08.28	15:30	90,0	29	2,61	44	3	5	10	12	11	16	33	40		S1	
Meðaltal 1973-74	6 S-sýna	150	84	29,72	41											

Aðalsýnatöku- og rennslismælistaðurinn í Hvítá í Borgarfirði er við Kljáfoss. Þar hafa verið tekin 127 sýni og 2 F-sýni, sjá töflu 6. Sýnataka hófst 1965 og hefur verið mjög breytileg frá ári til árs og jafnvel engin sum árin, sjá mynd 10. Þar sem hér er rennslismælistöð, ættu gögn um rennsli að vera í góðu lagi. Sýnin eru flest S1- og S2-sýni, en aðeins fá S3-sýni. Ástæðan fyrir því, að S2-sýnin eru svo mörg, er sú, að áin rennur þröngt undir brúnni, þar sem sýnin eru tekin.



MYND 10. Hvítá í Borgarfirði, Kljáfossi, fjöldi S-sýna á ári.

TAFLA 6. Hvítá í Borgarfirði, Kljáfossi

Tekið Dagur	kl.	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Svifaur		Efna- styrkur mg/l	Kornastærð mg/l				Kornastærð %				Stærstu korn mm	Töku- aðferð Ø mm	At- huga- semdir
			mg/l	kg/s		Leir	Méla	Mór	Sandur	Leir	Méla	Mór	Sandur			
